

Minnisblað v/heildarendurskoðunar umferðarlaga nr. 50/1987 04.03. 2008/ss

Hér hafa verið teknar saman hugleiðingar um hvaða atriði það eru í lögunum sem fyrirfram þarfnast skoðunar við að mati fulltrúa SVP. Ekki eru sett fram bein gagnrýni á einstök ákvæði í lögunum né heldur lagðar fram tillögur að breytingum á þessu stigi en það getur komið til jafnóðum og vinnunni vindur fram.

Upptaka punkta við brotum á aksturs- og hvíldartímareglum og mjög háar sektir við minnstu brot.

Á ráðherra að hafa lagaheimild til að breyta þessu að fenginni umsögn ríkissaksóknara með reglugerð?

Enginn ágreiningur um að þreyta er áhættuvaldur í umferðinni. Aftur á móti er ágreiningur um hvort að það að láta menn stjórnast alfarið af klukkunni í stað þess að stjórna því sjálfir hvar og hvenær þeir hvílast sé til þess fallið að “hvíla” menn eða valda þeim streitu. Hópar bílstjóra sem fulltrúi SVP hefur hitt og að ekki sé talað um yfirmenn þeirra eru einróma um að aksturs- og hvíldartímareglur séu streituvaldur fremur en hitt og valdi hættu í umferðinni fremur en hitt. Það að taka upp punkta vegna brota á þessum reglum var gert einhliða með reglugerð í des. 2006. Hefur valdið og veldur enn greininni miklum vandræðum. Bílstjórar hafa áhyggjur af þessu enda gæti farið svo ef þeir misstu réttinn til að afla sér tekna vegna þessa. Heyrst hefur að eftirlitið taki ekkert mið af íslenskum aðstæðum og sæti færís um að sekta menn þegar aðstæður eru hvað verstar vegna veðurs eða annarra aðstæðna.

Í erindisbréfi ráðherra er sérstaklega tekið fram að markmið heildarendurskoðunar umferðarlaga sé að færa lögin í nútímalegra horf með áherslu á **íslenska staðhætti**. Það er ástæða til að vekja athygli á þessu með hliðsjón af brotum á aksturs- og hvíldartímareglum. Aðstæður hér eru um margt mjög sérstakar og ólíkar því sem gerist í mörgum þéttbyggðum löndum Evrópusambandsins.

Hér er lagt til að nefndin veiti áheyrn þeim sem hafa verið ákærðir fyrir brot á þessum reglum og meti hvort að upptaka punkta við brot eða mjög háum sektum á þeim sé líkleg til að vera til bóta hvað varðar umferðaröryggi.

Skoðanir og ástand ökutækja

Þarf að fara yfir lagagrunninn hvað varðar skoðanir og ástand ökutækja. Þarf að tryggja að fyllsta öryggis sé gætt. Lagaramminn þarf að tryggja fagmennsku og eftirfylgni hvað varðar þennan mikilvæga öryggisþátt en því er hann nefndur hér að heyrst hafa efasemdir um að þetta umhverfi sé eins og best verður á kosið.

Fagmennska sem tryggir raunverulegt aðhald við eftirlit opinberra aðila á vegum

Þarf að tryggja sérfræðiþekkingu þeirra sem með eftirlit fara – hvort heldur þeir eru lögreglumenn eða Vegagerðareftirlitsmenn. Þarf að tryggja viðhald og kennslu þessarar

sérfræðipækkingar eftirlitsmanna með fjármagni. Dæmi um að eftirlit hafi stöðvað stóra bíla við aðstæður þar sem það hefur skapað hættu. Dæmi um að við eftirlit með frágangi á farmi séu bifreiðar stöðvaðar þar sem allt er í lagi á meðan þeir sem eru í ólagi eru látnir í friði.

X. Flutningur, hleðsla þyngd og stærð ökutækja

Mikil umræða hefur skapast um frágang á farmi síðustu misserin. Það er þörf á að nefndin velti fyrir sér hvort að lagaramminn hvað varðar þennan þátt sé fullnægjandi eða ekki.

XII. Umferðarstjórn, umferðarmerki o.fl.

Merkingar þegar framkvæmdir standa yfir eru mikilvægt öryggismál en þar er spurning hvort að lagaramminn sé nægilega skýr um hvaða skyldur hver hefur til að tryggja sé að vegfarendur séu upplýstir í tíma um framkvæmdir og að fyllsta öryggis sé gætt við merkingar og frágang vegarins.

XIV. Viðurlög

Sbr. fyrsta athugasemdin hér að ofan hvað varðar upptöku punkta og himinhárra sekta við aksturs- og hvíldartímareglum. Eru brot á þeim reglum að einhverju leyti sambærileg eða jafnvel hættulegri en hraðakstursbrot eða ölvunarakstursbrot?

XV. Umferðarstofa, umferðarráð, umferðarfræðsla o.fl.

Mikilvægt að fara yfir hlutverk Umferðarstofu – hvaða skyldur ber hún?
Tekjustofna hennar skv. lögnum og heimildir til gjaldtöku. T.d. bent á 2. mgr 114. gr. laganna sem bætt var inn í lögina á vormánuðum 2007.
Skipan í og hlutverk umferðarráðs.